

Þetta sjúklingakort inniheldur mikilvægar öryggisupplýsingar sem þú þarft að vita af fyrir og meðan á meðferð stendur með denosumabi 60 mg stungulyfi, lausn í áfylltum lyfjapenna (▼ Junod)



- ▼ Þetta lyf er undir sérstöku eftirliti til að nýjar upplýsingar um öryggi lyfsins komist fljótt og örugglega til skila. Allir geta hjálpað til við þetta með því að tilkynna aukaverkanir sem koma fram.

Læknirinn hefur mælt með því að þú fáið denosumab (Junod) sem er notað til að meðhöndla beinþynningu og beintap. Í þessum sjúkdómum þynnast beinin og verða veikbyggðari þannig að þau brotna auðveldar.

Mjög sjaldgæft (getur komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 1.000 einstaklingum) er að greint hafi verið frá aukaverkun sem kallast beindrep í kjálka (skemmdir á beini í kjálka) hjá sjúklingum sem fá denosumab við beinþynningu. Beindrep í kjálka getur einnig komið fram eftir að meðferð hefur verið hætt.

Mikilvægt er að reyna að koma í veg fyrir að beindrep í kjálka þróist því það getur verið sársaukafullt og erfitt að meðhöndla. Til að minnka áhættuna á að fá beindrep í kjálka er mikilvægt að þú grípir til nokkurra varúðarrástafana.

Áður en meðferð er hafin:

Segðu læknum/hjúkrunarfræðingnum (heilbrigðisstarfsmanni) frá því ef þú ert með vandamál tengd munni eða tönnum.

Læknirinn gæti beðið þig um að fara í tannskoðun ef þú:

- hefur áður fengið meðferð með bisfosfönötum,
- notar lyf sem kallast barksterar (eins og prednisolon eða dexamethason),
- reykir,
- ert með krabbamein,
- hefur ekki farið í skoðun til tannlæknis í langan tíma,
- ert með vandamál tengd munni eða tönnum.

Meðan á meðferð stendur:

- Þú skalt viðhalda góðri munnhirðu og fara reglulega í skoðun til tannlæknis. Ef þú notar gervitennur skaltu ganga úr skugga um að þær passi vel.
- Ef þú ert í meðferð hjá tannlækni eða ef tannaðgerð (t.d. tanndráttur) er fyrirhuguð, skaltu láta lækinn vita og segja tannlæknum frá því að þú sért á meðferð með Junod.
- Hafðu tafarlaust samband við lækinn og tannlækni ef þú finnur fyrir óþægindum í munnum eða tönnum eins og lausum tönnum, verk eða bólgum, sárum sem ekki gróa eða útferð úr sári, því þetta gætu verið einkenni beindreps í kjálka.

Vinsamlega lesið fylgiseðilinn sem fylgir lyfinu til að fá frekari upplýsingar.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækninn, hjúkrunarfræðing eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í fylgiseðlinum. Hægt er að tilkynna aukaverkanir á heimasíðu Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is.

Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi Junod.

Útgáfunúmer: 1.0
Samþykkt af Lyfjastofnun í október 2025



GEDEON RICHTER